

24. aðalfundur KFR í Hvolnum

Fundargerð fyrir árið 2020

18.mars 2021

Dagskrá fundar:

Hulda Dóra verður ritari fundar og Yngvi Karl fundarstjóri. samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar - Formaður, Tinna les skýrslu stjórnar frá árinu 2020. Sjá Ársskýrslu stjórnar fyrir árið 2020.

Umræða um skýrslu stjórnar: Rósa spyr um fjölnota hús. Fundarstjóri færir þann lið undir sem verður sett inn í önnur mál.

2. Ársreikningar yngri flokka og meistaraflokks- Gunnar Aron gjaldkeri fer yfir ársreikninga og rekstur.-

Umræður um Ársreikninga:

-Ólafur Örn spyr um mótakostnað sem er næstum því milljón. Berglind svarar (PWC) uppsöfnuð tala, skýring sem kemur í ljós þegar skipt er um bókhald, mismunur á milli ára.

-Engilbert:, þakkar fyrir vel unnin störf hjá stjórn og félagi að halda vel á spöðunum.

-Skýrsla stjórnar samþykkt, og ársreikningar samþykktir samhljóða.

3.Kosningar formanns, stjórnar og skoðenda reikninga.-

Öll stjórn gefur kost á sér áfram,engir mótframboðendur, samþykkt samhljóða bæði stjórn og varastjórn. Einnig skoðunarmenn reikninga. Tinna Erlingsdóttir heldur áfram sem formaður. Gunnar Aron Ólason tekur við sem gjaldkeri. Guðmundur Ú. Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur. Klara Viðarsdóttir og Tómas Birgi Magnússon varamenn. Tómas Birgir er einnig formaður meistaraflokksráðs.

2. Önnur mál

1. Rósa Hlín: spyr um hvar fjölnotahúsið eigi að standa? Tómas ræðir um

aðstöðumálin. Mikil þörf á að bæta aðstöðu okkar. Gervigrasvöllur er það sem við erum að einblína á núna. Ef til vill gerlegra að ráða við það heldur en höll. Erum að

kostnaðargreina og reyna fá svo sveitarfélögin að taka þátt af fullum þunga. Rangárþing eystra er með þetta á skipulagi eins og er og vonandi höldum við áfram á fullum þunga að koma þessari áætlun á fullan kraft.

-Engilbert: Nauðsynlegt að láta í sér heyra. Fá íþróttahreyfinguna til að taka við sér og hjálpast að. Hann hefur áhyggjur af stöðunni á Hellu með völlinn þar. Láta heyra í sér og láta gera ráð fyrir okkur á ýmsum stöðum.

-Lárus: sammála Engilbert með aðstöðumálin. Er auðveldara að fá sveitarfélögin og öll íþróttafélögin til að búa til aðstöðu sem allir geta nýtt. Erum orðin langt eftir í öllum íþróttum.

Úlfar: er með smá kynningu á skipulagsmálum sem er í Rangárþing eystra. Setur upp mynd og fer yfir.

-Yngvi Karl ræðir um samstarf við Selfoss. Hvað stýrir því að við séum í samstarfi við önnur félög? Lárus hefur skoðun, í samstarf 3.flokk kk og 3.-4. flokk kvk. Aðstaðan hér er bara ekki nógu góð! Við erum að draga jafnvel úr getu þeirra sem gætu náð lengra.

Berglind : er mjög ánægð með samstarfið og er sammála Lárusi. Hefur bæði dreng og stúlku í samstarfinu og líkar vel. Styður heilshugar samstarf. Tómas: við erum að efla umgjörðina og tiltrú á félagið á okkar finnst samstarf kannski bitna á því. Vantar að þeir hafi trú á félaginu. Þurfum að efla félagið fyrir hug iðkenda, erum við þá komin á byrjunina með aðstöðuleysið.

Ólafur er vilji að vera í samstarfi? Eigum við að vera við sjálf og leyfa þeim sem vilja fara, fara?

Guðrún: Hefur reynslu af samtari, og líkar vel.

Hennar börn velja það að fara frekar á Selfoss.

Engilbert: Almennt séð en ekki bara afrekstengt. Tveir pólar á þessu.

Úlfar - setja reglur um hvort samstarf sé eða ekki . Ekki setja iðkendur í þá stöðu að ákveða hvort náist í lið eða ekki. Sammála að búa til hóp, til að finna út hvað eigi að vinna með í samstarfinu. Sigga Viðars sammála að vera í samstarfi.

Tómas sýnir nýja Kfr síðu á netinu. www.kfrang.is

Fundi slitið.